

Bifröst 26. febrúar 1992

Menntamálanefnd Alþingis  
co. Þorsteinn Magnússon, nefndarritari.  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
101 REYKJAVÍK.

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 115/586*

*komudagur 2 / 3 1992*

Frá Skólafélagi Samvinnuháskólans  
Samvinnuháskólanum á Bifröst  
311 BORGARNES  
Símar: 93-50003 og 93-50004

### **Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna:**

Námsmenn hafa ekki farið leynt með það að þeir eru sáttir við núgildandi lög um LÍN. Það er því af illri nauðsyn sem við Samvinnuháskólanemar ljáum máls á breytingum á þeim nú.

Við teljum lykilatriðið varðandi allar breytingar að tryggt sé jafnrétti til náms óháð efnahag og að námsmönnum verði gefið svigrúm til að koma undir sig fótunum eftir að námi lýkur og áður en endurgreiðslur námslána hefjast af fullum þunga.

Við skiljum mætavel að nauðsynlegt er að taka á þeim vanda sem Lánasjóður íslenskra námsmanna á við að glíma. En bendum á að vandi þessi liggur fyrst og fremst í því að ríkið hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar við sjóðinn. Fulltrúar námsmanna í stjórn LÍN hafa ítrekað varað við þeirri stefnu að fjármagna sjóðinn að svo miklu leyti með lánum.

En þennan vanda sjóðsins á ekki að leysa með róttækum breytingum sem bitna alfarið á þeim sem enga sök eiga í málinu, námsmönnum framtíðarinnar. Við teljum að leysa eigi þennan vanda í áföngum og skorum á ríkisstjórnina að endurskoða það framlag sem hún er tilbúinn til að leggja í LÍN.

Það þarf að gefa því meiri tíma að finna framtíðarlausn á málefnum Lánasjóðsins í samráði við fulltrúa námsmannahreyfinganna. Frumvarpið eins og það liggur fyrir nú er hroðvirknislega unnið. Verði frumvarpið að lögum hefur það þær afleiðingar að peningar, eða aðgangur að þeim, ráða því hverjir ganga menntavegin. Við teljum hins vegar að námshæfileikar eigi að ráða þessu og ekki megi koma því svo fyrir að fólk kaupi sér menntun.

## **Þessar aðgerðir styðjum við:**

- 1) Fella niður líffeyrissjóðsgreiðslur.
- 2) Láta lánþega greiða kostnað við innheimtu.
- 3) Ábyrgðarmenn á skuldabréfum verði tveir og auknar kröfur verði gerðar til þeirra.
- 4) Skuldabréf verði sameinuð jafnóðum í eitt skuldabréf, sem síðan sé greitt eftir.

## **Aðrar leiðir sem mætti fara:**

Við teljum að til séu leiðir til að draga úr eftirspurn eftir námslánnum og þar með úr þörf á ríkisframlagi til LÍN og erlendum lántökum vegna sjóðsins. Þessar leiðir skila ekki árangri á einu kjörtímabili og kann það að draga úr áhuga stjórnámálanna á að fara þær. Það tæki 5 -7 ár að sjá árangur af því sem við hér leggjum til:

1) Herða inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Eins og málum er nú háttað á Íslandi fer um áttatíu af hundraði í hverjum árgangi sextán ára unglunga inn í framhaldsskóla landsins. Þetta er ótrúlega hátt hlutfall og við álitum að í raun megi orða það á þann veg að grunnskólanám Íslendinga hafi verið framlengt um fjögur ár. Það er tímabært að herða kröfur um inntökuskilyrði í framhaldsskólana. Með því að fækka í þeim má búast við að þegar þeir árgangar sækja í lánshæft nám verði eftirspurn þeirra eftir námslánnum minni. Einfaldlega vegna þess að mun færri verða í árgangnum.

2) Herða inntökuskilyrði í háskóla og sérskóla. Við erum ekki á mótí inntökuprófum og teljum að með þeirri aðferð megi finna út hvaða fólk eigi erindi í nám. Þá ráða námshæfileikar því hverjir komist í nám og eigi rétt á lánum á svipuðum kjörum og verið hafa undanfarin ár.

3) Ekki einfalt í framkvæmd. Hugmyndir okkar um inntökuskilyrði eru ekki auðveldar í framkvæmd. Við ætlum heldur ekki að útfæra þær nánar. Það er þó alveg ljóst að eigi að bjóða Íslensku æskufólki upp á gott menntakerfi, þar sem hæfileikar unga fólksins ráða meiru en peningar, þá eru ofantaldar hugmyndir skárri en frumvarp til laga um Lánasjóð Íslenskra námsmanna.

## **Þessum aðgerðum erum við á móti:**

- 1) **Námslán beri vexti!** Í núgildandi námslánakerfi bera námslán ekki vexti en eru verðtryggð. Verðtrygging lánanna stuðlar að því að námsmenn greiða jafnvirði þeirrar upphæðar til baka og þeir fengu áður að láni. Vextir eru hins vegar í eðli sínu leigugjald til komið vegna þess að lánveitandi gerir kröfur til arðsemi þess fjármagns sem hann lætur af hendi til lántaka. Við teljum að hin sanna arðsemi þess fjármagns sem sett er í námsaðstoð muni seint endurspeglast í ársreikningum LÍN, heldur skilar þessi arðsemi sér beint út í íslenskt samfélag, því til eflingar í nútíð og framtíð.
- 2) **Stytta endurgreiðslufrest í eitt ár!** Nú er endurgreiðslufresturinn þrjú ár. Við bendum á að flestra námsmanna býður að þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið. Greiðslubyrði vegna húsnæðiskaupa er oftast mest, fyrstu árin eftir að ráðist er í kaupin. Við viljum óbreyttan endurgreiðslufrest.
- 3) **Stytting lánstíma!** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánstími verði fjórfaldur eðlilegur tími þess náms sem lánað er til, en tvöfaldur námstími sé námi ekki lokið. Þetta mun hafa í för með sér mun þyngri endurgreiðslur námslána og á fárra færi að efna til annara skuldbindinga eða lána, s.s. húsnæðislána.
- 4) **Lánshæfni sérnáms verði bundið við 20 ára aldur!** Samkvæmt okkar upplýsingum var sú ákvörðun tekin á áttunda áratugnum að gera iðnnám lánshæft vegna óska aðila í atvinnulífínu. Flestir þeir viðskiptavinir LÍN sem verða af námslánum vegna þessa ákvæðis eru í hópi iðnnema.
- 5) **Felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki!** Styrkir til íslensks námsfólks hafa ekki verið háir miðað við það sem þekkist í þeim löndum sem Íslendingar hafa helst viljað bera sig saman við.
- 6) **Lántökugjöld til að greiða rekstrarkostnað!** Kostnaðarálagi í formi lántökugjalds má líkja við vexti, sem við erum líka á móti.
- 7) **Námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur!** Þetta ákvæði lýsir því vel hve illa ígrundað frumvarpið er. Þessi klausa, verði hún að lögum, hefur í för með sér að námsmenn þurfa að snúa sér til almennra lánastofnana með fyrirgreiðslu. Lætur nærri að kostnaður við fjármögnun af því tagi yfir eitt misseri sé um 10% af lánsupphæð. Hér er því verið að leggja það til að beita flötum niðurskurði upp á 10% á öll lán til námsmanna. Þetta er fráleitt.
- 8) **Stjórn sjóðsins hafi heimild til að veita almenn skuldabréfalán!** Samvinnuháskólanemar telja það ekki vera hlutverk LÍN að veita lán með markaðsvöxtum.

9) Aukið valdaframsal til stjórnar LÍN. Í frumvarpinu er að finna nokkur ákvæði sem fela í sér aukið valdaframsal til stjórnar LÍN. Það er að okkar viti stórvarasamt að fela stjórninni ákvörðunarvald í málum sem nú eru bundin í lög eða háð reglugerðarvaldi ráðherra. Um aukið valdaframsal til stjórnar vísum við í 2., 3., 6., 13., og 16. grein frumvarpsins. Augljós afleiðing af þessu er aukin óvissa námsmanna um sín kjör og óstöðugleiki til lengri tíma litið. Sem dæmi bendum við á að stjórn sjóðsins er heimilt, skv. frumvarpinu, að líta algjörlega framhjá öllu félagslegu tilliti við ákvörðun á framfærslu námsmanns og úthluta þar með öllum námsmönnum sömu lánsupphæð burtséð frá lögum.


### Að lokum.

Samvinnuháskólanemar þakka fyrir það tækifæri að fá að segja hug sinn um frumvarp til laga um Lánasjóð Íslenskra námsmanna. Núverandi lög um LÍN eru um átta ára gömul og sagan hefur sýnt okkur að reglurnar um LÍN breytast á nokkurra ára fresti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að umbylta núverandi reglum um LÍN og það gengur næstum því svo langt að vísa íslenskum námsmönnum alfarið til almennra lánastofnana í landinu. Við viljum hins vegar að námshæfileikar skeri úr um hverjir gangi menntavegin og að rétturinn til náms verði óháður efnahag.

Hjálagt: Fundargerð frá fundi um LÍN, sem haldinn var á Bifröst.

Bifröst 27. febrúar 1992.

Stjórn Skólafélags Samvinnuháskólans á Bifröst:



Þórir Aðalsteinsson, formaður




Inga Þórisdóttir, ritari

Rúnar Þórarinsson, gjaldk.



Sædís Íva Elíasdóttir, meðstj.



Halgrímur Gröndal, meðstj.

## FUNDARGERÐ .

Fundur haldinn á sal Samvinnuháskólans á Bifröst miðvikudaginn 5. febrúar 1992.  
Málefni fundarins var fumvarp um Lánasjóð Íslenskra námsmanna.

### DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Fundur settur
2. Framsaga Bjarna Ingólfssonar, formanns BÍSN
3. Framsaga Ólafs Arnarssonar, aðstoðarmanns Menntamálaráðherra.
4. Mælendaskrá
5. Fundi slitið.

### 1. FUNDUR SETTUR.

Þórir Aðalsteinsson fundarstjóri setti fundinn, fundarritari var Inga Þórisdóttir.

### 2. Framsaga Bjarna Hrafns Ingólfssonar:

Bjarni var ósáttur við hversu stuttan tíma vinnunefndin fékk sem skipuð var í haust til að fjalla um málefni sjóðsins, og taldi að betra samstarf hefði skilað raunhæfari tillögum en þeim sem lagðar voru fram síðar. Bjarni útskýrði síðan hverjar helstu breytingarnar væru og hvaða áhrif þær kæmu til með að hafa. Vextir verða þrjú prósent, endurgreiðsla hefst einu ári eftir að námi lýkur, tvö prósent lántökugjald fyrir að fá lán og endurgreiðslutími verður fjórfaldur námstími námsmanns. Þó verður sett þak á endurgreiðslurnar og miðast þær við tekjur viðkomandi. Þetta þýðir í flestum tilfellum að fólk borgar upphæð sem samsvarar einum mánaðarlaunum á hverju ári. Þeir sem tóku lán í gamla kerfinu og halda áfram í því nýja geta valið milli tveggja kosta. Annars vegar að setja gamla lánið á nýtt skuldabréf og þá gilda sömu reglur um endurgreiðslu á þeim og í nýja kerfinu, fyrir utan að þau bera ekki vexti. Hins vegar getur fólk borgað af lánunum samkvæmt þeim kjörum sem þau voru tekin á og þá er fólk að borga 11,75 % af árstekjum sínum. Bjarni sagði að með þessu væri verið að gabba fólk og neyða það til að borga meira en í upphafi var ætlað. Hann sagðist einnig óttast það vald sem sjóðurinn ætti að fá og fannst rangt að það væri á valdi sjóðsins að meta hvaða tillit ætti að taka til félagslegra aðstæðna fólks. Með þessu væri verið að veða að grund-

vallarmarkmiði sjóðsins.

Ein af breytingunum er sú að allir verða á kjörum fyrsta árs nema, þ.e. ekki verður borgað út úr sjóðnum nema tvisvar á ári, þegar nemandi er búinn að sýna fram á viðunandi árangur. Þetta leiðir til þess að fólk verður að leita til bankanna. Bjarni sagði að þetta fæli ekki í sér neinn sparnað fyrir ríkið en yrði til þess að fæla fólk frá námi og auka tekjur bankanna.

Að lokum sagði hann að það væri synd að svo hefði farið með störf samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna sem skilaði inn tillögum í haust en ekki var tekið tillit til þeirra.

## 2. Framsaga Ólafs Arnarssonar:

Ólafur þakkaði fyrir það tækifæri að fá að koma hingað uppeftir og ræða þessi mál við nemendur. Hann sagðist taka fyrir einstök atriði sem komu fram í máli Bjarna og fjalla um þau. Grundvallarhugmyndin um lánasjóðinn er góð en vegna svika ríkisstjórna um að setja peninga í sjóðinn stendur hann ekki undir sér í dag. Ekki er einum flokki um að kenna frekar en öðrum og hefur enginn flokkur verið tilbúinn til að setja meira en tvo milljarða í sjóðinn af ríkisframlögum hvers árs. Sú ríkisstjórn sem situr í dag hefur tekið þá stefnu að takmarka eftirspurn eftir lánnum og auka tekjur sjóðsins. Til þess er aðeins ein leið fær; Að endurgreiðsla hefjist ári eftir að námi lýkur og setja þrjú prósent vexti á lánin. Stór hluti lánanna er aldrei borgaður til baka og það þarf að koma í veg fyrir það. Það á eftir að endurskoða hvernig endurgreiðsla eigi að vera hjá námsmönnum sem eru í báðum kerfunum, og það á eftir að reikna það betur út. Það er ekki ætlunin að vera með ósanngirni en markmiðið er að sjóðurinn standi undir sér. Ólafur taldi það eðlilegt að stjórn sjóðsins fengi að ráða hvaða félagslegu aðstæður skipta máli, þetta myndi koma í veg fyrir hringlandahátt við hver stjórnaskipti. Ástæða þess að nemendur fá ekki greitt lán nema tvisvar á ári er að koma í veg fyrir misnotkun á sjóðnum. Á þessu ári hafa verið borgður út lán upp á fimmtíu og fimm milljónir til námsmanna sem aldrei skiluðu námsárangri. Með þessum breytingum á að ná fram festu og stöðugleika og gera áætlanir sem standast.

### 3. MÆLENDASKRÁ OPNUÐ.

Fyrstur tók til máls Ellert Jósepsson:

Ellert sagðist styðja vexti á lán og finnst þeir vera sanngjarnir. En þó vill hann að tekið verði tillit til tekna. Einnig vill hann að endurgreiðsluhlutfallið sé misjafnt og það eigi einnig að miðast við tekjur. Ellert gagnrýndi meðferðina á frumvarpinu og hversu lítin tíma námsmenn fengu til umsagnar um það. Hann var ósáttur við hversu stuttur endurgreiðslutíminn verður og sagði að kerfið myndi leiða til mikillar vinnu hjá fólki og samband milli foreldra og barna yrði erfiðara. Það þyrfti því að taka tillit til fjölskylduaðstæðna. Ellert fannst nóg að það yrði áfram einn ábyrgðamaður á skuldabréfunum og að með þessu væri verið að lýsa vantrausti á námsmenn. Sú hugmynd að auka vald stjórnarinnar fannst honum stórhættuleg og líkti þessu við hús sem er steipt en gleymist að járnbinda.

Næst tók til máls Ásdís Leifsdóttir:

Hún sagði að með þessum aðgerðum væri verið að mismuna fólki um réttinn til náms. Fólk sem ekki hefur sterka bakhjarla getur ekki leyft sér þann munað að læra. Henni finnst sanngjarnara að tekið verði tillit til námsárangurs, og þá að einhverju leyti í formi styrkja, t.d. úr vísindasjóði.

Ólafur Arnarsson tók næst til máls:

Vildi koma því á framfæri að það sé of flókið í framkvæmd að hafa stigvaxandi endurgreiðsluhlutfall miðað við tekjur. Sagði að það hefði verið tekið tillit til þess sem námsmannahreyfingarnar lögðu til þegar frumvarpið var samið og að tíminn hafi ekki verið of stuttur. Þrjú ár eru of langur tími þangað til endurgreiðslur hefjast en það mætti athuga hvort að hægt væri að lengja tímann upp í tvö ár. Ólafur sagði að kerfið fæli í sér aukna ábyrgð á námsmenn og að það væri línudans að finna sanngjarnt kerfi. Hann sagðist ekki hafa áhyggjur af því að allir fengju sömu lánsupphæðina og að það yrði tekið tillit til félagslegra aðstæðna fólks. Markmiðið væri að hafa einfalt og gott kerfi þar sem misnotkun er í lágmarki. Ólafur bennti á að mikið væri um misnotkun á sjóðnum og þá helst af fólki sem hefur nám aftur en er jafnframt á launum. Hann kvaðst vera sammála Ásdísi og að til stæði að efla vísindastyrktarsjóð.

**Olgeir Helgi Ragnarsson:**

Lán hans hefur lækkað um eitthundrað þúsund síðan í haust og tveggja ára nám hér á Bifröst kostar hann tvær milljónir. Olgeir beindi þeirri spurningu til Ólafs hvaða leið væri fær fyrir hann sem nema í lögfræðinámi, sem tekur sex ár, sem ekki á foreldra í Reykjavík.

**Bjarni Hrafn Ingólfsson:**

Vandinn varð til í fortíð en það á að leysa hann í nútíð og framtíð. Erfitt að leysa þennan vanda nema léttu lánum af sjóðnum. Hann var sammála Ólafi um að allir flokkar hefðu staðið sig jafn illa gagnvart sjóðnum og engum einum um að kenna. Honum fannst slæmt að misnotkunin skuli vera svona mikil á sjóðnum, en að það væri hægt að fara aðra leið til að mæta þessum vanda en þá að gera alla að "fyrsta árs nemum". Bennti á að nú þegar væri búið að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir þetta og að þessi leið væri alröng, það væri hægt að gera margt annað sem myndi ekki bitna eins illa á námsmönnum. Honum fannst stigvaxandi endurgreiðslur mjög jákvæðar og þær ættu að skila peningunum fyrr inn í sjóðinn. Hann var ekki sammála Ólafi um að nefndin hafi fengið nægan tíma. Á fjórða fundi nefndarinnar kom einn nefndarmannanna með frumvarpið og var það þá nær því tilbúið. Einnig var hann ósammála Ólafi um að hægt væri að treysta stjórninni til að taka ákvarðanir um hvaða félagslegu aðstæðna ætti að taka tillit til. Of mikið vald er slæmt.

**Sigurður E. Steinsson:**

Hann sagðist ekki treysta stjórn sjóðsins til að ákveða hvaða félagslegu aðstæðna ætti að taka tillit til. Hann bennti líka á að kerfið væri upplagt til að kenna mönnum að það borgaði sig að svíkja undan skatti og að þetta yrði til þess að fólk reyndi að vinna meira svart.

**Heiðar Ingi Svansson:**

Sér ekki tilganginn með lánasjóðnum lengur því að bankakerfið geti alveg eins séð um þetta. Samkvæmt nýja frumvarpinu munu þeir sem eru yngri en tuttugu ára ekki fá lánað fyrir námi sem er ekki á háskólastigi. Þegar þetta ákvæði var sett í lögin á sínum tíma þá var það vegna samkomulags við atvinnurekendur um að styrkja iðnnám og hvetja fleiri til að fara í það. Krafðist Heiðar svars frá Ólafi um þetta. Fólk í hugsjónastörfum á samúð hans alla og sagði hann að hljóðið í



námsmönnum í þeim greinum væri mjög slæmt. Hann sagðist vera sammála því að það þyrfti að breyta reglum sjóðsins, en sagðist efast um að mikill hluti fólks greiddi ekki lánin sín tilbaka og taldi að í níftíu prósent tilvika næði fólk að greiða lán sín að fullu. Að lokum fagnaði hann komu Ólafs og Bjarna og sagði nauðsynlegt fyrir námsmenn að fræðast um yfirvofandi breytingar.

**Hilmar Guðmundsson:**

Hann vildi fá svar við því hvort nafn hans yrði falsað á nýtt skuldabréf án hans vitundar.

**Steini Þorvaldsson:**

Þegar hann var ungur var sá draumur tekinn frá honum að fara í framhaldsnám því foreldrar hans höfðu ekki efni á því, þetta var áður en lánasjóðurinn var settur á stofn. Hann vill að kröfur um námsárangur verði hertar og að vel verði gert við þá sem vel gengur í námi. Óeðlilegt að pólitískt kjörin stjórn ráði málum sjóðsins.

**Ellert Jósepsson:**

Hann spurði Bjarna hvaða tillögur námsmenn hefðu komið með í upphafi. Einnig vildi hann vita hvert viðhorf BÍSN væri til hærri sumartekna án þess að til frádráttar kæmi. Honum fannst óskiljanlegt afhverju það væri svona flókið mál að reikna stighækkandi vexti á lánin eftir tekjum, og taldi það einfalt. Hann vill að áheyrsla sé lögð á iðnnám. Einnig kom hann með þá tillögu að nemar sem væru komnir lengra í námi en á því fyrsta fengju fimmtíu prósent af framfærslunni greidd strax í upphafi annar, og afganginn við sýndan námsárangur. Þetta myndi strax gera fólki auðveldara fyrir og minnka lánsþörfina á hinum almenna markaði.

**Bjarni Hrafn Ingólfsson.**

Sendar voru inn sameiginlegar tillögur og athugasemdir frá námsmannahreyfingunum þrem; BÍSN, SÍNE og SHÍ. Það var lögð höfuðáheyrsla á að fá mann í nefndina sem gekk endanlega frá frumvarpinu. Það sem var m.a. í tillögum þeirra var stighækkandi endurgreiðsla, sem verður í flestum tilfellum til þess að menn borga lánin sín hraðar upp. Stefna BÍSN um tekjutillit er ekki til enda erfitt að samræma þær ólíku skoðanir sem fólk hefur innan hreyfingarinnar. Bjarni kvaðst áður hafa verið þeirrar skoðunar að tekjutillit ætti að vera hátt en sagðist sífellt sannfærast betur um að það ætti ekki rétt á sér og byði upp á vissa úrkynjun. Hann minnti á fundinn sem halda ætti í Háskólabíó í næstu viku. Hann


sagðist sannfærður um að þingmenn væru ekki hlyntir þessu frumvarpi og hvatti fólk til að nýta sér þau tengsl sem það hefði og tala við þingmenn um þetta mál.

**Ólafur Arnarson:**

Ráðleggur fólki að fara frekar í fimm ára nám því ekki er lengur hægt að fá lánað fyrir sjö ára námi. Ósannngjarnt að láta nema í dag greiða vandann en önnur leið er ekki fær, þetta myndi hvort sem er alltaf lenda á okkur að borga þetta sem skattgreiðendur. Hann vísaði í 12. gr. 1. í nýja frumvarpinu sem hann sagði vera varnagla fyrir því að stjórnin gæti ekki minnkað félagsiega tillitið. Hann telur það einfaldlega jafnrétti að þeir sem eru í lönnámi fái ekki lánað, annars væri verið að mismuna þeim sem væru í bóklegu námi. Hann svaraði spurningu Hilmars og sagði að hann væri eingöngu að skrifa undir þá skilmála sem fram kæmu á skuldabréfinu, og að hann gengi ekki inn í nýja kerfið nema hann tæki nýtt lán. Í nýju kerfi á að halda uppi sómasamlegri framfærslu og að það eigi ekki eftir að valda kjaraskerðingu. Hann sagði einnig að fólk þyrfti að velja og hafna, nýja kerfið tryggi jafnrétti allra til náms en hafi samt í för með sér auknar álögur á námsmenn. Honum finnst að fólk eigi að geta verið með hærri tekjur en gert er ráð fyrir í dag. Hann kvaðst vera á móti markaðsvöxtum á lánin hjá LÍN og að þau eigi áfram að vera þau hagstæðustu sem völ er á. Hann lýsti andstöðu sinni við stighækkandi endurgreiðslum, og að hún myndi breyta litlu fyrir sjóðinn.


## 5. FUNDI SLITIÐ.

**Fundarstjóri.**



**Þórir Aðalsteinsson**

**Fundarritari**



**Inga Þórisdóttir**